

Fimmtudaginn 27. nóvember 1997.

Nr. 190/1997.

**Helgi Harðarson**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

**Jakobi A. Traustasyni**

(sjálfur)

Víxilmál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Garðar Gíslason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1997. Hann krefst sýknu af kröfu stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms.

Formi víxilsins er rétt lýst í héraðsdómi. Fram er komið, að þegar stefndi fékk víxilinn í hendur, skorti á hann bæði útgáfudag og gjalddaga, og hefur stefndi viðurkennt að hafa sett þessar dagsetningar á víxilinn. Kveðst hann hafa haft til þess umboð. Ekki er annað fram komið en dagsetningarnar hafi verið settar samtímis á víxilyðublaðið.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Stefndi hefur ekki gert málskostnaðarkröfu fyrir Hæstarétti. Rétt er því, að hvor aðili beri sinn áfrýjunarkostnað.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. febrúar 1997.**

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri fyrir stefnda Helga Harðarsyni 11. júní 1996, en stefnda Ólafi Þór Sigmundssyni var birt stefnan með opinberri birtingu í 88. tölublaði Lögbirtingablaðsins, sem dagsett er 31. júlí s. á. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 5. september s. á. Útivist varð af hálfu stefndu við þingfestingu málsins, og var það dómtekið að kröfu stefnanda. Var fallist á kröfur hans og honum tildæmdur málskostnaður, að fjárhæð 75.000 kr., með áritun á stefnu málsins, sem dagsett er 10. sama mán-

aðar. Með bréfi, dags. 4. október 1996, óskaði Sveinn Jónatansson hdl. eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur f. h. stefnda Helga, að málið yrði endurupptekið á grundvelli 1. mgr. 137. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Orðið var við beiðni hans og málið endurupptekið gegn því, að sett væri trygging af hans hálfu fyrir tildæmdum málskostnaði.

Munnlegur málf lutningur fór fram 3. febrúar sl. og málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi málsins er Jakob A. Traustason, kt. 180846-2049, til heimilis að Barónsstíg 3, Reykjavík, en stefndu eru Ólafur Þór Sigmundsson, kt. 171060-4949, síðast með lögheimili að Álfholti 56 C, Hafnarfirði, en nú með óþekktu aðsetri, og Helgi Harðarson, kt. 261261-7669, Stuðlabergi 32, Hafnarfirði.

#### *Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 630.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 630.000 kr. frá 12. desember 1995 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við kröfuna á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 12. desember 1996. Loks gerir stefnandi kröfu til málskostnaðar með álagi úr hendi stefnda Helga að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Helga er þess krafist, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi Ólafur Þór var ekki við þingfestingu málsins, eins og áður greinir, né heldur átti hann aðild að endurupptöku þess. Gildir því fyrri ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur á hendur honum.

Stefnandi er ólöglerður og hefur dómari leiðbeint honum undir rekstri málsins, eins og lög mæla fyrir um.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir málsókn sína á hendur stefndu á víxli, að fjárhæð 630.000 kr., sem samþykktur er af Breska verslunarfélaginu hf., kt. 560986-2049, Faxafeni 10, Reykjavík, til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Gjald-dagi víxilsins er 12. desember 1995, en útgáfudagur er skráður 16. júní s. á. Stefndi Ólafur gefur víxilinn út og ábekir hann ásamt stefnda Helga. Ofan við línu á framhlið víxilsins, þar sem útgefanda er ætlað að rita nafn sitt, er prentað „Án afsagnar“. Sama áritun er á bakhlið fyrir ofan áritun útgefanda.

Að sögn stefnanda hafa stefndu ekki sinnt ítrekuðum innheimtutil-

raunum hans né heldur þess banka, þar sem víxillinn var vistaður, og því sé málsókn þessi nauðsynleg. Heimilisfang stefnda Ólafs sé óþekkt, og því hafi honum verið birt stefna í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi kveður Breska verslunarfélagið hf. vera gjaldþrota, og því sé kröfum ekki beint gegn því.

Stefnandi rekur málið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (eml.), en greiðsluskyldu stefndu styður hann víxillögum nr. 93/1933. Til stuðnings dráttarvaxtakröfu sinni vísar stefnandi til reglna III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, sbr. 12. gr. sömu laga. Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. eml., en vísar til heimildar í a-lið 89. gr. sömu laga um birtingu stefnu á hendur stefnda Ólafi.

#### Málsástæður og lagarök stefnda Helga.

Stefndi Helgi mótmælir málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu sem rangri í mörgum veigamiklum atriðum. Það sé rangt, að víxill sá, sem stefnandi krefst greiðslu á, hafi verið gefinn út í Reykjavík 16. júní 1995, eins og stefnandi fullyrði í stefnu. Útgefandi hafi verið staddur í Addis Ababa, Eþíópíu, á þeim tíma. Þangað hafi hann farið árið 1993 og ekki komið aftur til Íslands fyrr en í lok árs 1995. Víxillinn hafi orðið til með þeim hætti, að einhvern tíma á árunum 1989 til 1991 hafi stefndi Helgi ritað á víxileyðublað sem ábekingur vegna viðskipta, sem stefnandi og Breska verslunarfélagið hf. hafi átt sín í milli. Víxileyðublaðið hafi verið án útgáfudags og gjalddaga. Stefndi hafi ekkert vitað um afdrif eyðublaðsins, þar til því hafi skotið upp í þessu máli og þá verið búið að skrá á það útgáfudag og gjalddaga, svo sem greini í stefnu. Stefndi Helgi bendir á, að bæði heimilisföng og símanúmer, sem fram komi á víxlinum, hafi verið rétt árið 1991, en hafi breyst hjá báðum aðilum síðan vegna símanúmerabreytinga.

Stefndi Helgi heldur því fram, að skjal það, sem hann hafi áritað, hafi ekki verið fullgildur víxill skv. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, þar sem enginn útgáfudagur hafi verið á skjalinu, þegar hann skrifaði nafn sitt á það, eins og áskilið sé í 7. tl. 1. gr. víxillaga. Jafnframt sé á það bent, að ávallt sé óheimilt að skrá rangan útgáfudag á víxileyðublað, ef á annað borð verði talið heimilt að fylla út víxil að þessu leyti. Slík skráning sé fölsun á efni skjalsins. Víxileyðublaðið hafi einnig verið án gjalddaga. Þetta leiði til þess, að líta verði svo á, að um sýningarvíxil hafi verið að ræða, verði talið, að víxileyðublaðið hafi fullnægt ákvæðum víxillaga við afhendingu þess. Því hafi borið að sýna víxilin til greiðslu innan árs frá útgáfudegi, sem hljóti að teljast afhendingardagur víxilsins. Sýningarvíxla beri að sýna til greiðslu innan árs

frá útgáfu. Þessa hafi stefnandi ekki gætt, og því sé víxilréttur hans fallinn niður fyrir vangeymslu.

*Forsendur og niðurstaða.*

Mál þetta er rekið sem víxilmál skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 (eml.). Víxli þeim, sem hér er til umfjöllunar, er rétt lýst í stefnu, og fullnægir hann formskilyrðum víxillaga, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1933.

Eins og að framan er lýst, styður stefndi Helgi sýknukröfu sína því í fyrsta lagi, að stefnanda hafi verið með öllu óheimilt að fylla út víxilinn með þeim hætti, sem hann gerði. Slík skráning sé fölsun á efni skjalsins og komist að í víxilmáli með vísan til c-liðar 118. gr. eml.

Verði ekki á þessa málsástæðu fallist, er því haldið fram af hálfu stefnda Helga, að líta verði á víxilinn sem sýningarvíxil, þar sem hann hafi verið óútfylltur við afhendingu, að því er varðar útgáfudag og gjalddaga. Því verði að miða við, að raunverulegur útgáfudagur víxilsins sé sá dagur, þegar afhending hans fór fram, en það hafi verið á tímabilinu frá 1989 til 1991. Í síðasta lagi beri að miða við 5. júlí 1995 í þessu sambandi, þegar víxilinn var stimplaður. Því hafi þurft að sýna víxilinn eða þingfesta mál á hendur stefndu í síðasta lagi 5. júlí 1996 til að viðhalda víxilrétti gagnvart þeim. Mál þetta hafi hins vegar ekki verið þingfest fyrr en 5. september 1996. Með vísan til 34. gr. víxillaga og 53. gr. sömu laga hafi stefnandi því glatað víxilrétti gagnvart stefnda Helga, og beri því að fallast á sýknukröfu hans.

Ekki er ágreiningur um það með málsaðilum, að stefnandi fékk umræddan víxil afhentan óútfylltan, að því er varðar gjalddaga og útgáfudag, og viðurkenndi stefnandi hér fyrir dómi að hafa fyllt hann út að þessu leyti. Telur hann sig hafa haft til þess fullt umboð stefndu beggja. Afhending þeirra á víxileyðublaðinu óútfylltu sé m. a. til sönnunar þessari fullyrðingu sinni.

Það er álit dómsins, að með afhendingu víxileyðublaðsins til stefnanda hafi falist heimild honum til handa til að útfylla það með þeim hætti, sem hann gerði, enda fær sú varnarástæða ekki komist að í víxilmáli gegn andmælum stefnanda, hvers efnis umboð hans hafi verið til að fylla víxilinn út. Verður því ákvæði 10. gr. víxillaga ekki beitt, eins og málum háttar hér til, sbr. dóm Hæstaréttar frá 1995, bls. 1706, sbr. enn fremur dóm Hæstaréttar frá sama ári, bls. 1678.

Par sem umræddur víxill fullnægir að öðru leyti skilyrðum víxillaga bæði að formi og efni, er fallist á dómkröfur stefnanda, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi Helgi greiði stefnanda máls-

kostnað, sem ákveðst 85.000 kr. Ekki þykja efni til að verða við kröfu stefnanda um álag á málskostnað samkvæmt 131. gr. eml.

Stefndi Helgi átti einn aðild að endurupptöku málsins, og var málið endurupptekið, að því er hann varðar.

Áritun Héraðsdóms Reykjavíkur á frumrit af stefnu málsins frá 10. september 1996 stendur því óhögguð gagnvart stefnda Ólafi Þór Sigmundssyni. Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi Helgi Harðarson greiði stefnanda, Jakobi A. Traustasyni, 630.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 12. desember 1995 til greiðsludags. Leggja skal dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 12. desember 1996 og síðan árlega þann dag.

Stefndi greiði stefnanda 85.000 kr. í málskostnað.

---